

Þúsundþjala- smiður sem tengir saman kynslóðir

Már Hallgeirsson áttæður

Laugardagsmorgunn. Klukkan er tíu og búið er að laga kaffi á kaffistofu Verkís. Ekki vegna þess að þar sé margt fólk í vinnu heldur vegna þess að þar eru saman komnir nokkrir af eldri starfsmönnum fyrirtækisins sem hafa þann sið að hittast á laugardögum og eiga notalega stund saman.

„Þetta byrjaði fyrir um þrjátíu árum. Við vorum oft að vinna á laugardögum og þá vantaði kaffisopa. Ég fór bara fram í eldhús og hellti upp á. Núna mæta sjö til ellefu manns reglulega, flest fyrrverandi starfsfólk,“ segir Már Hallgeirsson, umsjónarmaður fasteigna hjá Verkís.

„Hó, hó, ert þetta þú?“

Már hefur verið viðloðandi verkfræðistofuna í áratugi eða allt frá því áður en Verkís varð til. Þetta byrjaði allt með einu símtali sumarið 1962 þegar Már var 16 ára. „Ég hélt alltaf að það hefði verið í júní '62 en ætli það hafi ekki verið fyrsta vikan í júlí. Ég fékk skilaboð um að hringja í ákveðið númer, 6526, ég man þetta enn. Þegar ég hringdi svaraði Sigurður Thoroddsen sjálfur, eða Siggí Thor eins og hann var kallaður, og sagði: „Hó hó, ert þetta þú? Hann var með þetta leyninúmer á kontórnum hjá sér,“ segir Már og á þá við Sigurð S. Thoroddsen byggingarverkfræðing. Sigurður stofnaði Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen árið 1932, fyrstu verkfræðistofu landsins, sem síðar fékk nafnið VST en heitir í dag Verkís.

Siggí Thor, eins og Már kallar hann, var brautryðjandi í verkfræðiráðgjöf á Íslandi en Már hafði kynnst honum í gegnum þabba sinn þegar hann var polli. Hann þekkti því strax röddina í Siggá.

„Hann bað mig að koma með sér austur í Hveragerði ásamt Þorgrími Eiríkssyni verkfræðinema, sem Siggí kallaði gjarnan hertogann. Við fórum í rútu með öll mælitækin og gistum þarna í tvær eða þrjár nætur. Við vorum að mæla landið þar sem



Már hugsar vel um garðinn fyrir utan Verkís.



Má þótti skemmtilegast að byggja gamla húsnæði Verkís við Ármúla.

Ölfusborgir standa í dag. Þá var þarna ekkert nema mói. Við mældum miklu stærra svæði en það sem var byggt á í fyrsta áfanga, líklega um 25 til 30 hektara. Ári síðar fórum við aftur til að gera jarðkönnun og staðsetja húsin.“

Skemmtilegast að byggja húsið í Ármúla

þar með var ekki aftur snúið. Á þessum áratugum, síðan hann fór í fyrsta



Már og Gunnar sjá um húsnæði Verkís að Ofanleiti 2.

verkefnið, hefur hann komið að ótal verkefnum fyrir verkfræðistofuna. „Ég fór að læra smiðar og vann mikið sem smiður hjá verkfræðistofunni í gegnum tíðina, en oftast í verktöku. Ég var alltaf viðflæktur hjá þeim. Ég man til dæmis eftir því þegar við byggðum þriðju hæðina ofan á húsið í Ármúla árið 1976 og svo aftur árið 1983. Við vorum bara tveir í því, ég og Ásmundur Guðlaugsson. Mér fannst það skemmtilegasti tíminn, þegar maður gat baukast í þessu svona sjálfur.“

Már segir verkfræðibransann hafa breyst mikið á þessum áratugum sem hann hefur tengst honum. „Í gamla daga voru þetta frekar smáir byggingarmeistarar sem voru að skapa sér atvinnu. Núna er þetta orðið miklu stærra, meiri teymisvinna og flóknara utanumhald í kringum allt. Þegar ég byrjaði voru kannski tíu manns á stofunni á Miklubrautinni, en núna er starfsfólkið tæplega 400,“ segir hann.

Fékk fasta vinnu eftir hrun

Már var alltaf verktaki og í lausamennsku hjá stofunni eða allt þar til VST, RT, Fjarhitun, Raftækning og Fjölhönnun sameinuðust undir einu nafni, Verkís árið 2008. Síðar sameinaðist verkfræðistofan Almenna einnig inn í Verkís.


„Já, ég var alltaf í lausamennsku eða uppgripsvinnu þangað til eftir sameininguna og hrunið. Þá bauð framkvæmdastjórinn mér fasta vinnu við umsjón fasteigna. Ég hafði aldrei verið á föstum launum áður á ævinni, ekki einu sinni þegar ég var að læra,“ segir Már og brosir.

Starfið sem Már sinnir felst í almennu viðhaldi, eftirliti með húsnæðinu og að grípa inn í ef eitthvað bilar, hann er svona alt-muligt-man. Þurfi að moka snjó, moka Már snjó frá dyrunum á skrifstofunni og þurfi að laga eða dytta að einhverju gerir hann það og hann telur það ekkert eftir sér. „Og ég geri þetta vel,“ segir Már.

Aðeins einu sinni orðið veikur

Og þrátt fyrir að vera nýorðinn áttæður þá kennir hann sér varla meins: „Ég er aðeins farinn að finna fyrir annarri öxlinni en það er allt og sumt,“ segir hann.

Már segist aðeins einu sinni hafa orðið veikur á ævinni en það var í desember 2011. Þá fann hann verk sem leiddi út í handlegg og leitaði til læknis í Efstaleiti. Lækninum leist illa á hjartalínurit og hringdi strax í hjartalækni sem tók Má í þolpróf daginn eftir. Hann var settur á lyf umsvifalaust, þar á meðal sprengitöflur (nítroglyserín).



Að störfum.



Már sér um umsjón fasteignar hjá Verkís.

Stuttu síðar var Már í vinnunni á Suðurlandsbraut þar sem var veisla. Hann segist hafa borðað fullmikið og þegar hann rölti á milli húsa fann hann fyrir brjóstverk. Hann tók eina sprengitöflu undir tunguna og lét sig hafa það að fara í kaffi hjá framkvæmdastjóranum, sem vissi ekkert um ástandið.

Eftir sneiðmyndatöku á mánudegi var Már mættur aftur í vinnuna: „Ég var að skipta um peru, ég man að ég var með stiga, svona litla tröppu, og þá hringir síminn. Ég svara og þá er það

hjartalæknirinn sem segir við mig að ég sé með lokaða æð og ég þurfi að koma strax upp á hjartadeild.“

Fékk far með strákonum í kaffisþjallið
Már fékk far niður eftir og í ljós kom að hann þurfti að fara í aðgerð og var hann lagður inn og skorinn mánu- daginn 19. desember.

„Ég var furðu sprækur, gekk bara um allt á göngunum á spítalanum og á öðrum degi eftir aðgerð var ég farinn að æfa mig í stigagöngu með sjúkrapjálfa,“ segir Már sem fór

heim á miðvikudegi milli jóla og nýárs og hefur ekki verið veikur síðan.

Fyrst eftir aðgerðina mátti Már ekki aka bíl og þá buðust strákarnir í kaffihópnum til að sækja hann, sem lýsir vel hve vináttan í hópnum er mikil. Það er augljóst á fasi Márs að hann kann vel að meta það. „Strákarnir í kaffihópnum vorkenndu mér heil ósköp, því ég mátti ekki keyra,“ segir Már. „Þannig að þeir buðust til að sækja mig svo ég gæti haldið áfram að mæta í kaffisþjallið á laugardögum.“

Vann fyrir Nóbelskaldið

Á milli verkefna hjá verkfræðistofunni tók Már að sér verkefni annars staðar. Um tíma var hann til dæmis sá sem Auður Laxness hóaði í ef þurfti að dytta að einhverju á heimili hennar og Halldórs. Már hugsar hlýlega til þess tíma og það er greinilegt að hann ber mikla virðingu fyrir Auði sem hann segir að hafi í raun verið „framkvæmdastjóri á þessu öllu saman“ eins og hann orðar það. „Það var gaman að vinna fyrir Auði, hún var indæl,“ segir Már. Hann segir Nóbelskaldið hafa fylgt ákveðinni rúttinu og að hann hafi byrjað snemma á morgnana að skrifa. Hann hafi svo tekið hádegismat um ellefuleytið, áður en iðnaðarmennirnir fengu að borða.

Öllum þykir vænt um Má

Vinnufélagar og samferðafólk Márs bera honum vel söguna. Þau segja hann vera afar iðinn og duglegan starfskraft, samvirkusaman og áreiðanlegan. „Hann var í störfum sínum mjög útsjónarsamur,“ segir Viðar Ólafsson, sem var framkvæmdastjóri í 16 ár. „Þegar ég lít til baka get ég með sannri sagt að það bar aldrei skugga á okkar samstarf.“

Már hefur tekið að sér alls kyns verkefni bæði fyrir Verkís og privat fyrir samstarfsfólk. Hann keyrði líka oft rútu þegar farið var í skoðanaferðir og er boðinn og búinn að aðstoða við hvers kyns flutninga.

„Mér þótti gott að geta leitað til hans enda hann búngóður mjög,“ segir Flosi Sigurðsson viðskiptastjóri og byggingaverkfræðingur. „Hann er góður húsvörður og er vakinn og

sofinn yfir því að allt sé í lagi í húsinu hjá okkur,“ segir Flosi.

Már er ekki bara starfsmaður hjá Verkís; hann er lifandi hluti af sögu fyrirtækisins. Hann fagnaði 80 ára afmæli sínu þann 2. apríl og er enn í fullu fjöri sem umsjónarmaður fasteigna að Ofanleiti 2.

„Már er eins og hjartað í Verkís og öllum þykir vænt um hann,“ segir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri Verkís. „Hann er ávallt tilbúinn að hjálpa sama hvað hann er beðinn um og er alveg ómissandi í ákveðin verkefni,“ bætir hún við.

Reynsla og þekking verðmætasta auðlindin

Verkís er þekkingafyrirtæki þar sem reynsla og hæfni er dýrmæt. Áhersla er lögð á að vera með fjölbreyttan starfshóp, til að mynda er yngsti starfsmaðurinn tvítugur og sá elsti áttæður. Flestu starfsfólki er boðið að fara á tímavinnusamning eftir sjötugt og mörg nýta það. Þannig fær starfsfólk, sem hefur áhuga á að vinna lengur, tækifæri til þess og Verkís nýtur áfram þekkingar þeirra og starfskrafta.

Árlega eru haldin þakkarhóf fyrir þau sem kjósa að hætta að vinna við sjötugt en einnig til að fagna þeim tímamótum þegar fólk fer á tímavinnusamning. Bæði núverandi og fyrrverandi starfsfólki er boðið



80 ára afmælisveisla í Verkís.

í þessi hóf til að eiga ánægjulega stund með fyrrum samstarfsfólki og vinum.

Þrátt fyrir að vera áttæður hefur Már engan áhuga á að hætta að vinna alveg strax. „Nei,“ segir hann þegar hann er spurður hvort hann vilji hætta að vinna. Hann segist vera eldhress: „Ég myndi gjarnan vilja vera svona tvö ár í viðbót,“ segir hann. Már segir að það skipti sig miklu máli að hafa eitthvað fyrir stafni. „Mér finnst það mikilvægt, ég fékk alveg nóg frí á þeim tímum sem

ekkert var að gera,“ segir hann og bætir við: „Ég bið bara eftir að þau segi mér að hætta, ég ætla að vinna alveg þangað til.“

Og laugardagskaffið sem minnst var á hér í upphafi er ekki bara hittingur, það er svo miklu meira en það. Það er lifandi tenging við fortíðina og sögu fyrirtækisins.

„Már hefur haldið kaffiklúbbnum uppi. Þessi hittingur væri ekki til staðar ef hann hefði ekki haldið utan um hann,“ segir Flosi.

Í byrjun var sjálfur Sigurður Thoroddsen (Siggi Thor) hluti af þessum hópi og þannig má segja að nútíminn og nærvera stofnanda elstu verkfræðistofu landsins fléttist saman í kaffibolla Márs. Hann er þúsundþjalasmiður sem tengir saman kynslóðir – brúin milli tæplega 100 ára sögu Verkís og nútímans. Ilmur af nýlögðu kaffi á laugardögum verður um leið minningin um forna tíma sem Már deilir fúslega með öðrum. Hann er ræðinn og fróður um sögu stofunnar og starfsfólks og í gegnum Má hefur Verkís tekist að halda í heiðri menningu fyrirtækisins frá árdögum til okkar dags, sem er eitthvað sem fá fyrirtæki geta státað af.



Með dóttur sinni Freyju á árhátíð Verkís í Hörpu.